

að afgreiðslubann Hlífar hafi í verki verið framkvæmt gagnvart stefnanda, og verða kröfur hans, þegar af þeirri ástæðu, ekki teknar til greina.

En með því að ekki er vitað, að stefnandi sé eigandi bifreiðar þeirrar, G. 85, sem afgreiðslubannið í verki beindist gegn, verður ekki dæmt um gildi þess í þessu máli.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið sannað, að stefndi hafi gerzt brotlegur við lög nr. 80/1938 vegna aðgerða gagnvart stefnanda í sambandi við umrætt afgreiðslubann, né orðið bótaskyldur gagnvart honum og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Þórðar Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. september 1944.

Nr. 10/1943. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðnes
(Eggert Claessen hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Deilt um það, hvort verkklýðsfélag hafi stofnað til ólögmeets samúðarverkfalls.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 7. maí f. á. af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Miðnes gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði.

Munnlegur flutningur máls þessa fór upphaflega fram 12. okt. f. á., en með úrskurði dómsins 19. okt. s. á. var ákveðið, að uppsögn dóms skyldi frestað unz úrslit væru fengin í málinu nr. 7/1943. Dómur í því máli gekk ekki fyrr en 19. þ. m., og hefur nú munnlegur flutningur farið fram af nýju, þar sem svo langt er liðið frá upphaflegum flutningi þess.

Tildrög máls þessa eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðnes-hrepps og atvinnurekenda suður þar, um kaup og kjör verkafólks í landi. Hófst verkfall þar syðra þann 27. janúar 1943 hjá Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f, Miðnesi h/f, H/f Garði og Útvegsbændafélagi Gerðahrepps. Verkfall þetta náði fyrst og fremst til verkafólks, er vann almenna verkamannavinnu í landi. En jafnframt náði það til hlutarmanna á vélbátum, er gerðir voru út af nefndum hlutafélögum og félagsmönnum í ofangreindu útvegsbændafélagi, þó engin deila væri um kjör hlutarmanna. Var stefnandi máls þessa, H/f Miðnes, einn þeirra, sem verkfallið bitnaði á. Ýmsir bátar komu með fisk úr róðri þann 27. janúar, þar sem þeir höfðu róið aðfaranótt þess dags, eða áður en verkfallið hófst. Meðal þeirra voru tveir bátar úr útgerð H/f Miðnes, m/b Muninn og m/b Muggur. Afli úr bátum þar syðra var um þessar mundir seldur matvælaráðuneyti Breta. Var hann fluttur á bifreiðum til Hafnarfjarðar í fisktökuskip þar. Unnu hlutarmenn að því að setja aflann á bifreiðarnar, og höfðu verkamenn þeir, er í landi voru og í deilu áttu um kaup og kjör, engin afskipti af því.

Með dómi þessar réttar í málinu nr. 7/1943 var talið, að óheimilt hefði verið að láta nefnt verkfall, eins og á stóð, ná til hlutarmanna og það því talið ólöglegt að því leyti.

Alþýðusamband Íslands fór með samninga fyrir hönd verklyðsfélagsins í deilu þessari. Þann 23. janúar 1943, eða 4 dögum áður en verkfallið hófst, ritar það verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði og óskar þess, að félagið komi í veg fyrir, að skip, bátar eða bílar atvinnurekenda í Gerða- og Miðnes-hreppi fái afgreiðslu á félagssvæði Hlífar, ef til verkfalls komi. Eru síðan í bréfinu taldir upp ýmsir bátar og bílar, þar á meðal framangreindir bátar stefnanda. Þann 26. janúar s. á. tilkynnir svo stjórn Hlífar Geir Zoëga í Hafnarfirði, en hann var umboðsmaður Breta þar og tók á móti fiskinum frá útgerðarmönnum í fisktökuskipin, að næsta dag hefjist verkfall í Sandgerði. Hafi trúnaðarmannaráð félagsins samþykkt að afgreiða ekki á félagssvæði Hlífar, meðan á vinnustöðvuninni standi, báta eða bíla í eign eða á vegum þeirra manna, sem eru taldir upp í bréfinu. Er sú upptalning samhljóða upptalningu í nefndu bréfi alþýðusambandsins til Hlífar.

Útgerðarmenn syðra vildu ekki sætta sig við þessa ákvörðun Hlífar um afgreiðslubann og þann 28. janúar sendu þeir

hlass af fiski til Hafnarfjarðar á bifreiðinni G. 85. Er bifreið þessi, sem er ein þeirra bifreiða, sem taldar voru á afgreiðslubannslista Hlífar, kom til Hafnarfjarðar var bifreiðarstjóranum tjáð af hálfu trúnaðarmanna Hlífar, að því er virðist, að ekki yrði unnið við hana, af því að hún væri í banni samkvæmt nefndri tilkynningu Hlífar. Bifreiðinni var eigi að síður ekið niður á bryggju til affermingar. En er þangað kom bannaði formaður Hlífar verkamönnum, sem þar unnu að affermingu annarar bifreiðar, að vinna við hana, þar sem hún væri í banni og urðu verkamenn við þeirri fyrirskipun. Umboðsmaður Geirs Zoëga, Þorleifur Jónsson, er þarna var viðstaddur, mun þá hafa innt formann Hlífar að því, hvort banni þessu væri heint að sér, en formaðurinn er þá talinn hafa svarað því, að banninu væri beint gegn bilnum. Var bifreiðinni síðan ekið í burtu óafgreiddri.

Stefnandi telur, að á afgreiðslubann Hlífar verði að lita sem samúðarverkfall af félagsins hálfu til styrktar verkfalli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps. Telur hann, að samúðarverkfall þetta sé ólöglegt og byggir þá staðhæfingu sína á því, að ekki hafi um ákvörðun þess verið fylgt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938, því hvorki hafi farið fram atkvæðagreiðsla um það, a. m. k. ekki lögleg, hvort verkfall skyldi hefja, né heldur hafi það verið tilkynnt samkvæmt ákvæðum 16. gr. nefndra laga. Hér hafi líka verið um að ræða verkfall til styrktar verkfalli, sem hafi verið ólöglegt að nokkru leyti, og 17. gr. sömu laga þannig verið brotin. Hafi stefndi því gerzt brotlegur við 15., 16. og 17. gr. téðra laga.

Samkvæmt þessu eru dómkröfur stefnanda þessar:

1. Að dæmt verði, að téð samúðarverkfall verkamannafélagsins Hlífar hafi verið ólöglegt,
2. að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu vegna hins ólöglega verkfalls,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Byggir hann sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili máls þessa. Það hafi ekki verið gert neitt verkfall hjá honum, en hins vegar geti hann ekki sótt stefnda til sakar vegna þess, þótt verkamenn í þjónustu Geirs Zoëga hafi lagt niður vinnu, að því er viðkom afgreiðslu á

umræddum bíl, sem var í afgreiðslubanni samkvæmt tilkynningu Hlífar til Geirs Zoëga.

Þá mótmælir hann, að ákvörðun Hlífar um nefnt afgreiðslubann lúti ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Afgreiðslubönn, þess konar sem hér um ræðir, séu annars eðlis en verkföll þau og vinnustöðvanir, sem um ræðir í nefndum lögum og lúti ekki ákvæðum þeirra. En þó hið gagnstæða yrði talið, þá sé þessi ákvörðun Hlífar samt að öllu leyti lögleg, því hún hafi verið samþykkt á lögsmætum trúnaðarmannaráðsfundi og tilkynnt Geir Zoëga, en í hans þjónustu hafi þeir verkamenn verið, er neituðu að vinna í umrætt skipti. Hins vegar komi ekki til mála að ákvæði 16. gr. oftnefndra laga um 7 daga frest eigi hér við, því þau ákvæði eigi aðeins við um þau félög, sem ætli að knýja fram ákvörðun um kaup og kjör sinna eigin félagsmanna. Þá telur stefndi, að það geti ekki heldur skipt máli hér, þótt verkfall hlutarmanna í umræddri deilu hafi verið dæmt ólöglegt.

Það verður ekki talið, að ákvörðun verkamannafélagsins Hlífar um afgreiðslubann á báta þá og bíla, sem greinir í bréfi félagsins til Geirs Zoëga og tilkynning hennar til hans, geti út af fyrir sig leitt til refsingar eða refsíabyrgðar fyrir nefnt félag, enda þótt bátar, sem voru á vegum stefnanda, væru taldir meðal þeirra farartækja, sem þar eru greind. Skiptir ekki máli í því sambandi, hvort taka þurfti nefnda ákvörðun samkvæmt fyrirsmælum II. kafla laga nr. 80/1938 eða ekki, meðan afgreiðslubanninu var ekki í verki beint gegn stefnanda.

Nú er það hins vegar svo, að bifreið sú, sem flutti umræddan fisk til Hafnarfjarðar var ein þeirra, sem upp voru taldar í afgreiðslubannslista Hlífar. Af gögnum málsins verður ekki annað séð, en bann forráðamanna Hlífar gegn afgreiðslu hennar í Hafnarfirði 28. janúar 1943 sé á því byggt, að hún sé í afgreiðslubanni, en hvergi er að því vikið, að bannið lúti að farmi hennar. Það þykja því ekki nægar sannanir fyrir því, að afgreiðslubann Hlífar hafi í verki verið framkvæmt gagnvart stefnanda og verða kröfur hans, þegar af þeirri ástæðu, ekki teknar til greina.

En með því að ekki er vitað, að stefnandi sé eigandi bifreiðar þeirrar, G. 85, sem afgreiðslubannið í verki beindist gegn, verður ekki dæmt um gildi þess í þessu máli.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið sannað, að stefndi

hafi gerzt brotlegur við lög nr. 80/1938 vegna aðgerða gagnvart stefnanda í sambandi við umrætt afgreiðslubann og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Miðnes h/f, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Priðjudaginn 24. október 1944.

Nr. 1/1944. Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands (Eggert Claessen hrl.).

Dómarar samkvæmt síðasta málslið 48. gr. laga nr. 80/1938 Kristján Kristjánsson borgarfégeti og Sigurjón Á. Ólafsson alþm. í stað Árna Tryggvasonar borgardómara og Þorsteins Péturssonar skrifstofumanns.

I. Úrskurður.¹⁾

Í máli þessu, sem höfðað er hér fyrir dómi með stefnu 24. apríl þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands, er um það deilt, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „lýsisbræðsla“ í 5. gr. kjarasamnings milli málsaðilja, dags. 22. febr. þ. á.

Samningur þessi komst á fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins og sáttanefndar, sem skipuð var samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1938.

Á dómþingi í máli þessu 17. þ. m. mætti fyrir dómi sem vitni einn sáttanefndarmanna, Emil Jónsson vitamálastjóri. Umboðsmaður stefnanda óskaði eftir því, að spurningarnar á réttarskjali 10 yrðu lagðar fyrir vitnið og svaraði það 1. og 2. spurninguinni með samþykki umboðsmanns stefnda, en hins vegar

1) Úrskurður þessi var staðfestur af Hæstarétti. Sjá Hæstaréttardóma 1944, bls. 345.